



Minjastofnun
Íslands

Menningarminjakeppni Evrópu 2019

European Heritage Makers Week

Í tilefni af Menningararfsári Evrópu árið 2018 stóð Minjastofnun Íslands fyrir samkeppni þar sem grunnskólanemendum gafst kostur á að túlka menningarminjar í sínu nærumhverfi á skapandi hátt. Keppnina nefndum við *Menningarminjakeppni grunnskólanema* og var hún hluti af **European Heritage Makers Week**. Keppnin gekk vonum framár og til gamans má geta að íslenska sigurvefnið árið 2018 var valið eitt af tíu bestu verkefnum í Evrópu og fékk höfundur þess, Magnús Huguólfsson, í kjölfarið ferð til Strassborgar þar sem unga fólkið á bakvið verkefnið tíu hittist og fór m.a. saman í skoðunarferðir.

Í tengslum við Evrópsku menningarminjadagana (European Heritage Days) sem haldnir eru ár hvert hefur nú verið tekin sú ákvörðun að halda verkefnið European Heritage Makers Week gangandi áfram. Mun heiti keppinnar á Íslandi vera **Menningarminjakeppni Evrópu** en markmið keppinnar er að vekja athygli barna og unglunga á menningarminjum hérlandis með því að vinna fjölbreytt verkefni sem snúa að minjum í umhverfi hvers og eins. Þar sem um samevrópska samkeppni er að ræða er lagt upp með að verkefnið hafi tengingu við Evrópu, t.d. sýni tengsl menningarminja á Íslandi við Evrópu, varpi ljósi á hvernig samevrópsk saga okkar útskýrir tilvist eða gerð viðkomandi menningarminja eða hvernig evrópsk áhrif lýsa sér í sögu viðkomandi svæðis.

Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar, gömul hús og önnur mannvirki en fornleifar eru allar mannvistarleifar í umhverfi okkar sem eru 100 ára og eldri. Undir þetta geta því fallið fornar tóftar, skipsflök, þingstaðir, gömul minningarmörk í kirkjugörðum og margt fleira. Gömul hús og mannvirki eru einnig að finna um land allt.

Leiðbeiningar varðandi keppnina

- Sú nýbreytni verður tekin upp í ár að aldurstakmark er í keppnina. Í ár geta öll börn og unglingar á aldrinum 12-18 ára tekið þátt. Á döfinni er að koma upp keppni fyrir yngri aldurshóp líka (8-11

ára) frá árinu 2020. Keppnin er þar af leiðandi ekki aðeins fyrir grunnskólanema heldur gefst nemendum framhaldskóla einnig tækifæri á að taka þátt.

- Nemendum er boðið að túlka menningarminjar í þeirra nærumhverfi á skapandi hátt. Það má til dæmis vera mynd eða frásögn á hvaða formi sem er, s.s. ljósmynd, teikning, myndasaga, málverk, kvikmynd eða lag, og meðfylgjandi þarf að vera texti eða hljóðrás. Texta þarf verkefnið á ensku til að boðskapur þess komist til skila ef verkefnið er á íslensku.
- Þema Evrópsku menningarminjadaganna í ár er „Arts and Entertainment“ eða „Listir og skemmtun“ og eru þátttakendur hvattir til að innleiða það í verkefni sín.
- Nemendur safna upplýsingum um þær minjar eða þann stað sem þau velja sér. Hægt er að tala við staðkunnuga eða eldri ættingja, leita á netinu eða á bókasafni eða ræða við minjavörð síns svæðis (lista yfir minjaverði Minjastofnunar Íslands má finna á heimasíðu stofnunarinnar www.minjastofnun.is). Hægt er að velta fyrir sér atriðum eins og:
 - Hvernig minjar eða stað er um að ræða?
 - Gerðust þar einhverjir sérstakir atburðir?
 - Hver er saga staðarins?
 - Hvernig endurspeglast fortíðin á staðnum, hver er framtíð hans?
 - Hvaða tilfinningar vekur staðurinn?
- Meðfylgjandi texti (getur verið í formi sögu eða ljóðs) byggist á því efni sem nemendur hafa safnað og upplifun þeirra af minjunum eða staðnum.
- Verkefnum þarf að skila á rafrænu formi inn á síðu Íslands á heimasíðu European Heritage Makers Week. Opnað verður fyrir skil þann 18. apríl og síðasti skiladagur er 1. maí. Verkefni þurfa að innihalda mynd sem táknar viðkomandi verkefni, hlekk yfir á myndband ef slíkt er sett inn, nafn og aldur nemenda og stuttan texta þar sem fjallað er um tengingu verkefnisins við Evrópu. Starfsmenn Minjastofnunar munu aðstoða þátttakendur eftir þörfum sé þess óskað.
- Hlutskarpasta verkefnið hlýtur verðlaun Minjastofnunar Íslands og fimm efstu verkefni verða send áfram í Evrópukeppnina.
- Í Evrópu hljóta 10 verkefni verðlaun og verðum þeim sigurvegum boðið til Strassborgar.

Frekari leiðbeiningar um **European Heritage Makers Week** má finna heimasíðu verkefnisins <http://www.europeanheritagedays.com/European-Heritage-Makers-Week/> og þar undir má finna sérstaka síðu Íslands.

Upplýsingar á síðu Minjastofnunar Íslands: <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/samstarfsverkefni/menningarminjakeppni-evropu/>